

N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N Í S L A N D S

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. febrúar 2018
2018020029/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um móton eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 414. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 15. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um móton eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál. Í tillöggunni er lagt til að Alþingi feli fjármála- og efnahagsráðherra, í samvinnu við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að móta eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir.

Eins og kemur fram í greinargerð er markmið tillögunnar einkum að ríkið marki sér stefnu sem tryggi möguleika fólks til að hefja búskap. Einnig kemur fram að horfa þurfi til náttúruverndar og uppbyggingar ferðamannasvæða og vísað til skýrslu starfshóps á vegum umhverfis- og auðlindaráðherra um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu. Þar kemur fram að mikilvægt sé að móta eigendastefnu fyrir landareignir í eigu ríkisins sem margar hafa sérstöðu með tilliti til náttúru, sögu og menningar. Þ.e. hvernig beri að nýta og ráðstafa þeim, þar með talið hvort og hvaða jarðir skuli vegna sérstöðu sinnar vera í eigu ríkisins, hverjar megi selja og hverjar leigja, og þá eftir atvikum, með hvaða kvöðum.

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin mikilvægt að jarðir í eigu ríkisins sem hafa mikið gildi fyrir náttúru landsins og vernd náttúruminja verði áfram í eigu ríkisins/almennings. Jafnframt að ef jarðir eru seldar og þær t.d. á náttúruminjaskrá þá fylgi þeim kvaðir sem tryggja vernd þess náttúrfars/náttúruminja sem taldar eru merkilegar á viðkomandi svæði. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt, m.t.t. þessara atriða, að umhverfis- og auðlindaráðherra komi að framangreindri stefnumótun ásamt þeim ráðuneytum sem nefnd eru hér að framan.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

